

Fundur Epsilondeildar haldinn 23.1.2014.

Fundarstaður: Hendur í höfn – Þorlákshöfn.

Bókafundur – 14 konur mættu.

1. Rósa Marta setti fund og síðan las Ingibjörg Þ.Þ. fundargerð síðasta fundar. Rósa minnti á fundinn á Ísafirði þann 10. Maí n.k.
2. Nú tóku fundarkonur við og sögðu frá áhugaverðum bókum sem þær höfðu lesið. Margar bækur voru nefndar og margt um þær skrafað. Nefna má skólabækur, Bernskudaga, Mánastein, Dag í sögu þagnarinnar, Sigrúnu og Friðgeir, Vilborgu- á pólnum, Útkall, Guðna Ágústsson, Skuggaskund, Glæpinn, Hvítfeld, Oya, Hina ótrúlegu píslargöngu Harolds Fry, Minnisbók Mayu, Fiskana sem hafa enga fætur, Árið sem tvær sekúndur bættust við tímann, Ár drekans, Steingrím J., bók eftir Finnboga Hermanns, Söguna mína, Ólæsingjann, Hjarta mannsins, Stúlkuna með magann, Sæmd, Alla mína stelpuspilatíð, Sudokú, The little book of the Icelanders, Tvær gamlar konur, Táknmál blómanna, Mann sem heitir Ove, Þú frekar (fremur) en ég, Brotin egg, Snorra á Fossum. Að lokum gaukaði Vera því að okkur að nú væri frönsk kvikmyndavika.
3. Meðan við skröfuðum um bækur snæddum við dýrindis súpu og brauð.
4. Í lokin sagði Dagný Magnúsdóttir okkur frá kaffihúsinu sínu sem heitir Hendur í höfn. Hún sagði okkur frá hugmyndinni, framkvæmdinni, fléttunni, gamalt og nýtt. Skemmtilegt og fróðlegt.
5. Happprætti. Vinningur var „rós“ frá Elinborgu.
6. Næsta Evrópuþing er í Boraas.
7. Fleira ekki gert og fundi slitið.

Ingibjörg Þ.Þorleifsdóttir ritaði